

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 50/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 30/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Tuttugusta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB frá 10. janúar 1997 um aðlögun að
tækniframförum á II., III., VI., og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um
samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/18/EB frá 17. apríl 1997 um frestun á banni við því að
prófa á dýrum innihaldsefni í snyrtivörum eða samsetningar af slíkum efnum⁽³⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka
við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 310, 19.11.1998, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19. 11. 1998, bls. 222.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 16, 18. 1. 1997, bls. 85.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 114, 1. 5. 1997, bls. 43.

- „- **397 L 0001:** Tuttugusta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/1/EB frá 10. janúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 16, 18. 1. 1997, bls. 85).
- **397 L 0018:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/18/EB frá 17. apríl 1997 (Stjtið. EB nr. L 114, 1. 5. 1997, bls. 43).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB og 97/18/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner